

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Sunnuhlíð, íbúðarbyggð.*

Í breytingunni felst að afmörkun þriggja lóða á tanganum, syðst á deiliskipulagssvæðinu, er breytt til samræmis við afmörkun jarðarinnar, sem nær út í miðja Litlu-Laxá. Skipulagsmörk eru aðlöguð að lóðarmörkum. Afmörkun þessara þriggja lóða er einnig breytt og er gert ráð fyrir tveimur minni lóðum sem eru flokkaðar sem B-Einbýlishús á 1 hæð. Samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 29. desember 2021.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2022